

Einstæður samningur við Norræna safnið í Stokkhólmi

Vorið 2007 var gerður mikilvægur samningur á milli Þjóðminjasafns Íslands og Norræna safnsins (Nordiska Museet) í Stokkhólmi í Svíþjóð um íslenska gripir í eigu sænska safnsins. Í samningnum felst að munirnir eru afhentir Þjóðminjasafni Íslands til ævarandi varðveislu.

Margs konar munir frá Íslandi eru varðveittir í söfnum víða í Evrópu. Á seinni hluta 19. aldar eignaðist Norræna safnið í Stokkhólmi, sem þá var undir forystu Arthurs Haazelius, um 800 íslenska gripir, sem safnað hafði verið skipulega á Íslandi í þeim tilgangi að endurspeglar íslenska menningarsögu í norrænu samhengi. Þessir munir hafa nú verið afhentir til Íslands og því er nú efnt til sýningar í Bogasal Þjóðminjasafnsins undir yfirskriftinni Yfir hafið og heim. Án efa munu gestir safnsins, fræðimenn, listamenn og handverksfólk sjá nýjar hliðar á íslenskum menningararfi, í þessum úrvalsgripum og sýningin kveikja nýjar hugmyndir, vekja forvitni og leiða til aukinnar þekkingar og nýsköpunar. Það fellur vel að markmiðum Þjóðminjasafns Íslands.

Meðal þeirra muna sem afhentir hafa verið og eru nú til sýnis eru útskornir gripir úr tré, svo sem kistlar, rúmþjalir og trafakfeli. Á sinni tíð töldust þeir til finni gripa og nokkuð er til af slíkum munum í söfnum hér á landi. Þeir eru allir einstakir hver á sinn hátt. Auk þess eru margir gripir sem tengjast íslenska hestinum, söðlar, söðuláklæði og ýmsir gripir úr kopar tengdir reiðverum. Jafnframt er mjög mikið af búningum og búningaskarti, sem mikill fengur er að fyrir Þjóðminjasafn Íslands og allt áhugafólk um íslenska búningasögu. Enn má nefna prentaðar bækur og handrit meðal gripa Norræna safnsins. Sammerkt þessum gripum er að þeir hafa glatt auga safnaranna, á sinni tíð ekki síður en nú, og þótt góður vitnisburður um hagleik og listfengi Íslendinga. Það er Þjóðminjasafni Íslands mikill fengur að fá þennan fjölbreytta safnkost til varðveislu og styrkir þann safnkost sem fyrir var í safninu.

Samningurinn milli Norræna safnsins og Þjóðminjasafns Íslands kveður á um að eignarhald gripanna skuli áfram vera hjá Nordiska museet en Þjóðminjasafn Íslands mun annast framtíðarvarðveislu þeirra og umsjá um ókomna tíð. Þjóðminjasafnið metur mikils það traust, sem Norræna safnsins sem þessi samningur vitnar um og þann góða hug í garð Íslendinga sem hann endurspeglar. Safnstjóra Norræna safnsins, Christinu Mattsson er færðar sérstakar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og fyrir hennar mikilsverða þátt í þessu einstaka samkomulagi safnanna. Vonandi mun það treysta enn frekar samstarf og tengsl safnanna. Menntamálaráðherra Íslands,

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hefur sýnt verkefninu mikinn stuðning og velvilja. Hið sama verður sagt um sendiráð landanna, hið íslenska í Stokkhólmi og hið sænska í Reykjavík..

Þjóðminjasafn Íslands færir stjórn Norræna safnsins, starfsfólki þess og öllum þeim sem komið hafa að verkefninu bestu þakkir.